

Héraðsdómur Vesturlands



D Ó M U R

25. febrúar 2026

Mál nr. E-234/2025

Njáll Gíslason

(*Daníel Isebarn Ágústsson lögmaður*)

gegn

Hval hf.

(*Stefán A. Svensson lögmaður*)

og til réttargæslu

íslenska ríkið

(*Ingvi Snær Einarsson lögmaður*)

Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 25. febrúar 2026

I. Dómkröfur, aðild og málsmeðferð

1. Mál þetta er höfðað 2. september 2025. Stefnandi er Njáll Gíslason, ..., ..., og stefndi er Hvalur hf., Miðsandi, 301 Akranesi. Stefndi stefnir til réttargæslu íslenska ríkinu, Arnarhvoli, 101 Reykjavík.

2. Stefnandi krefst þess að stefnda Hval hf. verði gert að greiða stefnanda 19.357.031 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 2. september 2025 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda.

3. Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu.

4. Mál þetta var rekið samhliða fimm öðrum málum þar sem einstaklingar hafa byggt á því að þeir eigi launakröfur á hendur stefnda vegna hvalvertíðar 2023 þrátt fyrir að ekkert hafi orðið úr hvalveiðum það ár vegna ákvörðunar stjórnvalda. Aðalmeðferð í öllum málunum fór fram samhliða 27. og 28. janúar sl. Fyrir dómi gáfu skýrslu stefnandi og Kristján Loftsson, framkvæmdastjóri stefnda. Þá gáfu skýrslu Guðmundur Steinbach, fjármálastjóri stefnda, Jón Karl Svavars-son, vaktstjóri á „Nonnavakt“, Sæmundur Rúnar Þorgeirsson, vaktstjóri á „Sæmavakt“, Einar Kaldi Örn Rafnsson, vaktstjóri í Hafnarfirði, og Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness. Framangreindar skýrslur hafa þó eins og gefur að skilja mismikið vægi í þessum málum og í þessu máli fyrst og fremst skýrslur aðila. Eftir munnlegan málflutning voru öll málin dómtekin og dómur kveðinn upp 12. febrúar sl. í öðrum en þessu sem dómtekið var 28. janúar. Réttargæslustefndi skilaði inn greinargerð í málinu þar sem hann rökstuddi þá ákvörðun að hann myndi ekki láta málið til sín taka. Byggir sú afstaða einkum á þeim grunni að hér sé um að ræða ágreining á milli einkaaðila jafnframt því að vísað er til máls stefnda á hendur réttargæslustefnda fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur nr. E-2042/2025 þar sem krafist er viðurkenningar á bótaskyldu íslenska ríkisins gagnvart stefnda vegna setningar á reglugerð nr. 642/2023. Í samræmi við framangreint gerir réttargæslustefndi engar kröfur í málinu og engar kröfur eru gerðar á hendur honum.

II. Málsatvik

5. Stefndi fékk upphaflega leyfi til hvalveiða 29. janúar 1947 á grundvelli þágildandi laga nr. 72/1928 um hvalveiðar. Leyfi stefnda var endurnýjað þann 22. október 1959 á grundvelli nügild-

andi laga nr. 26/1949 um hvalveiðar. Á grundvelli leyfisins stundaði stefndi hefðbundnar hvalveiðar allt til ársins 1985, er samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins frá 1982 um svokallaðan 0-kvóta tók gildi, er fól í sér bann við öllum veiðum í atvinnuskyni frá 1986. Hvalveiðar í atvinnuskyni hófust aftur við Íslandsstrendur árið 2006 og munu hafa verið stundaðar síðan, þó með hléum. Stefndi hefur á framangreindu tímabili notið heimilda til veiða á langreyði í atvinnuskyni, samkvæmt gildandi regluverki á hverjum tíma. Gerir stefndi í dag út tvö hvalveiðiskip, auk þess sem starfsemi fer fram í Hvalfirði og Hafnarfirði í tengslum við veiðar stefnda.

6. Í málinu er deilt um hvort stefnandi eigi launakröfu vegna hvalveiða sem til stóð að stunda sumarið 2023. Fyrir þá vertíð er ágreiningslaust að stefndi var með í gildi leyfi til veiða á langreyði árin 2019–2023, útgefið 5. júlí 2019, með tilvísun í 1. gr. laga nr. 26/1949 um hvalveiðar með síðari breytingum.

7. Matvælaráðherra gaf í júní 2023 út reglugerð nr. 642/2023, um breytingu á reglugerð nr. 163/1973 um hvalveiðar, sem undirrituð var 20. júní og birt í Stjórnartíðindum samdægurs. Samkvæmt 2. gr. reglugerðarinnar var hún sett samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 26/1949, um hvalveiðar. Var þar í 1. gr. mælt fyrir um að á árinu 2023 skyldu veiðar á langreyðum ekki hefjast fyrr en 1. september 2023. Mál þetta snýst um það hvort á þeim tíma hafi verið komnir á bindandi ráðningarsamningar gagnvart nánar tilgreindum einstaklingum, þ. á m. stefnanda, þannig að þeir eigi rétt til fullra vertíðarlauna án tillits til ákvörðunar ráðherra.

8. Stefndi kvartaði yfir meðferð málsins til umboðsmanns Alþingis sem skilaði álit þann 5. janúar 2024. Það var álit umboðsmanns að ráðherra hefði við útgáfu reglugerðarinnar skort nægilega skýra stoð í 4. gr. laga um hvalveiðar, eins og sú grein yrði skýrð með hliðsjón af markmiðum sínum, lagasamræmi og grunnreglum stjórnskipunarréttar um vernd atvinnuréttinda og atvinnufrelsis. Þá yrði að leggja til grundvallar að útgáfa reglugerðarinnar hefði falið í sér fyrirvaralaus og verulega íþyngjandi ráðstöfun m.t.t. stöðu og hagsmuna stefnda. Taldi umboðsmaður, einkum í ljósi réttmætra væntinga félagsins, að við þær aðstæður sem uppi voru við útgáfu reglugerðarinnar, yrði að leggja til grundvallar strangar kröfur til þess að gætt væri meðalhófs m.t.t. stöðu og hagsmuna stefnda. Var það álit umboðsmanns að útgáfa reglugerðarinnar hefði ekki samrýmst kröfum um meðalhóf.

9. Stefndi sendi þá 11. janúar 2024 erindi á embætti ríkislögmanns, hvar óskað var eftir viðræðum við íslenska ríkið um bótauppgjör. Stefndi taldi við blasa í þeim efnum að félagið hefði orðið fyrir stórfelldum tekjumissi af því að geta ekki veitt langreyðar þann tíma sem bannið varði og síðar hagnýtt. Þá hefði félagið orðið fyrir stórfelldum fjárútlátum vegna ákvörðunar ráðherra. Til

frádráttar gætu hins vegar komið, í samræmi við kenningar skaðabótaréttarins, spöruð útgjöld þann tíma sem bannið varði, einkum í formi launakostnaðar og annars breytilegs kostnaðar. Varðandi launakostnað væri þess þó að gæta að nánar tilgreind stéttarfélög hefðu lýst yfir þeirri afstöðu sinni að þau litu svo á að nánar tilgreindir einstaklingar ættu launakröfur á hendur stefnda vegna þess tímabils sem bannið varði. Væri þessi forsenda á annað borð rétt hefði slíkt eðli málsins samkvæmt áhrif á afmörkun fjárhæðar ætlaðra sparaðra útgjalda við útreikning skaðabótakröfu, hvar þeim sparnaði væri þá raunar ekki til að dreifa.

10. Stefndi hefur höfðað viðurkenningarmál á hendur íslenska ríkinu til heimtu skaðabóta með stefnu þingfestri 8. apríl 2025. Íslenska ríkið hefur skilað greinargerð og krefst sýknu. Ljóst er að endanleg fjárhæð bótaskröfu stefnda á hendur ríkinu kann að ráðast af því hvort nánar tilgreindir einstaklingar, þ. á m. stefnandi, eigi launakröfur á hendur stefnda, líkt og ef til hefðbundinnar hvalvertíðar hefði stofnast, en fyrir liggur að stefndi hefur ekki greitt laun því til samræmis.

Atvik er varða stefnanda sérstaklega

11. Stefnandi er skipstjóri og hefur starfað hjá stefnda allar hvalvertíðir frá og með árinu 1972. Frá 1. maí 2022 hefur stefnandi verið fastráðinn hjá stefnda. Er fyrirkomulagið með þeim hætti að stefnandi starfar samkvæmt ráðningarsamningi í landvinnu fyrir stefnda yfir vetrarmánuðina og fær greitt tímakaup samkvæmt kjarasamningi Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) og Samtaka atvinnulífsins (SA) og Félags skipstjórnarmanna en þegar kemur að hvalvertíðum gera aðilar með sér sérstakan ráðningarsamning þar sem stefndi fær greidd föst mánaðarlaun skipstjóra á vertíð.

12. Stefnandi kveður það óumdeilt að hann hafi verið sérstaklega ráðinn til starfa sem skipstjóri á hvalveiðiskipinu Hval 8 fyrir hvalvertíðina 2023. Um það hafi verið munnlegt samkomulag milli stefnda og stefnanda, en vegna gagnkvæms trausts þeirra á milli sem m.a. byggði á yfir fimm áratuga samstarfi hafi iðulega verið látið nægja að færa samninga á skriflegt form rétt áður en eða eftir að vertíð hófst. Stefndi mótmælir þessu og kveður engan samning hafa komist á sérstaklega um vertíðina 2023, hvorki munnlegan né skriflegan.

13. Þegar ákvörðun matvælaráðherra var gerð opinber hafði stefnandi þegar kallað saman áhöfn sína, og m.a. látið úr Reykjavíkurhöfn til að halda skotæfingar o.fl. auk þess sem sinnt var nauðsynlegum lokaundirbúningi venju samkvæmt áður en haldið yrði til veiða. Ákveðið hafði verið að hvalveiðiskipin skyldu leggja út á miðin þann 21. júní 2023.

14. Daginn áður, þ.e. 20. júní 2023, var stefnanda og öðrum starfsmönnum á hvalveiðiskipum stefnda á hinn bóginn tilkynnt um þá ákvörðun matvælaráðherra að veiðum væri frestað. Tilkynnti stefndi stefnanda og öðrum skipverjum að þeim stæði þó til boða að starfa áfram hjá stefnda, en á talsvert lakari kjörum en samið hafði verið um.

15. Í kjölfarið, sendi stéttarfélag stefnanda, Félag skipstjórnarmanna, bréf fyrir hönd stefnanda og annarra félagsmanna sinna. Í erindinu byggði stéttarfélagið á því að félagsmenn ættu rétt til launa í samræmi við ráðningarsamninga sína og að áskilinn væri réttur til að sækja kröfur á stefnda vegna einhliða og fyrirvaralausra breytinga á ráðningarsamböndum ef ekki yrði staðið við gerða samninga.

16. Allt að einu fór svo að stefnanda voru ekki greidd, það sem hann kallar, umsamin laun nema hluta ráðningartímabilsins, þ.e. í kjölfar þess að ný reglugerð um veiðar á langreyðum, nr. 895/2023, var gefin út og haldið var til veiða þann 4. september 2023 og til vertíðarloka 30. september 2023.

17. Sakarefni málsins hverfist, sbr. einnig að framan, um hvort stefnandi eigi rétt á fullum vertíðarlaunum, líkt og hann byggir á, eða hvort stefnandi eigi engar kröfur yfir höfuð. Er málið, auk nokkurra annarra mála, að teknu tilliti til mismunandi atvika, höfðað sem prófmál og hefur úrlausn þess gildi fyrir aðra í áþekkri stöðu, samkvæmt því sem nánar hefur um samist milli stefnda og nánar tilgreindra stéttarféлага.

Aðdragandi ákvörðunar ráðherra og eftirmál

18. Matvælaráðherra undirritaði 10. ágúst 2022 reglugerð nr. 917/2022, um eftirlit með velferð dýra við veiðar á hvölum. Með reglugerðinni var Matvælastofnun („MAST“) falið að hafa reglubundið eftirlit með því að farið væri að lögum um velferð dýra við veiðar á hvölum á hvalvertíð 2022.

19. Þann 17. janúar 2023 bárust stefnda drög að eftirlitsskýrslu MAST með velferð dýra við veiðar á hvölum, sem var afrakstur fyrrnefnds eftirlits. Var stefnda veittur frestur til andmæla sem stefndi sendi 26. janúar 2023 þar sem stefndi lýsti því að til að geta tekið afstöðu til þess sem segði í skýrsludrögum, þ. á m. að sannreyna réttmæti/forsendur niðurstaðna, væri stefnda nauðsynlegt að fá í hendur öll þau gögn sem lágu skýrslunni til grundvallar auk þess að benda á að óljóst væri hvort rekið væri stjórnsýslumál í tengslum við skýrsluna. MAST svaraði erindi stefnda 2. febrúar 2023 þar sem fram kom að *[e]lf stjórnvaldsákvörðun [yrði] tekin á grundvelli þeirra gagna sem lögð hafa verið fram [myndi] slíkt verða tilkynnt til [stefnda]*. Stefndi svaraði

Þessu erindi 4. febrúar 2023 og óskaði eftir að fá myndbandsupptökur sem lágu skýrsludrögunum til grundvallar, þar sem slíkt væri nauðsynlegt til að fá heillega mynd af málinu. Svar við beiðni stefnda barst 22. febrúar 2023 þar sem m.a. var beðist velvirðingar á töfum í málinu sem stöfuðu af miklu gagnamagni.

20. Stefndi svaraði erindi MAST þann 23. febrúar 2023 og óskaði eftir fresti til andmæla út mars, m.a. vegna þess hversu víðfeðmt og vísindalegt málið væri. Í kjölfarið var stefnda veittur frestur til 31. mars 2023 til að koma á framfæri athugasemdum. Stefndi skilaði inn athugasemdum við skýrslu MAST 31. mars 2023. Í athugasemdum stefnda komu fram viðamiklar athugasemdir og þá einkum við þá aðferð sem beitt var við rannsóknina og niðurstöður hennar. Lokaskýrsla MAST barst stefnda svo rúmum mánuði síðar, n.tt. 8. maí 2023, þ.e. sama dag og hún var birt á heimasíðu MAST.

21. Á heimasíðu MAST sagði m.a. svo um efni skýrslunnar:

MAST telur að aflífun á hluta stórhvela við veiðar á Íslandi hafi tekið of langan tíma út frá meginmarkmiðum laga um velferð dýra. Stofnunin telur hins vegar að við veiðarnar hafi verið beitt bestu þekktu aðferðum miðað við þær aðstæður sem þessar veiðar eru stundaðar við og því hafi ákvæði um veiðar í lögum um velferð dýra ekki verið brotin.

MAST mun fela fagráði um velferð dýra að fara yfir fyrirbyggjandi gögn og meta hvort veiðar á stórhvelum geti yfir höfuð uppfyllt markmið laga um velferð dýra. Ef slíkt er talið mögulegt, þurfa stjórnvöld að setja reglugerð um framkvæmd veiðanna og lágmarkskröfur við þær.

Matvælastofnun telur þörf á áframhaldandi eftirliti á komandi vertíð. Vert er að taka fram að skv. gildandi veiðileyfi og lögum um velferð dýra er ábyrgð á að aflífun dýranna sé með ásættanlegum hætti ávallt á höndum framkvæmdaraðila.

22. Framangreint var rökstutt nánar í erindi MAST til ráðuneytisins í tilefni skýrslunnar, hvar stofnunin gerði grein fyrir niðurstöðum sínum en hún taldi að aflífun [hefði] tekið of langan tíma á hlutfalli af þeim dýrum sem voru veidd á veiðitímabilinu 2022 og [valdið] þeim dýrum meiri sársauka en ásættanlegt er ef horft er til markmiða laganna skv. 1. gr., en hins vegar væri það mat stofnunarinnar að ákvæði 27. gr. laga um velferð dýra nr. 55/2013 um veiðar hafi ekki verið brotið. Þá taldi stofnunin þörf á áframhaldandi eftirliti á komandi vertíð.

23. Stefndi hefur lagt fyrir dóminn gögn þar sem fram koma svör þáverandi matvælaráðherra á Alþingi og opinberum vettvangi, eftir birtingu skýrslunnar, en þau hafi verið á sama veg, t.d. í ræðustól Alþingis, 8. maí 2023, að *[l]eyfið sem þessi framkvæmdaraðilar [sic] [hefðu gildi] til ársins 2023, þ.e. til næstu áramóta og að það væri vandkvæðum háð að afturkalla leyfið sem nú [væri] í gildi. Í kvöldfréttatíma Ríkisútvarpsins sama dag sagði ráðherra að það þyrfti lagagrunn til að kippa þessu leyfi úr sambandi en sá lagagrunnur [væri] ekki fyrir hendi eftir því sem [hún væri] upplýst um í [sínu] ráðuneyti. Á opnum fundi atvinnuveganefndar Alþingis, 23. maí 2023, ítrekaði matvælaráðherra enn frekar fyrri afstöðu sína um afturköllun leyfis hvar hún sagði að eins og nefndarmenn [vissu] þá [væri] afturköllun leyfis íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun, sem [þyrfti] að hafa skýra lagastoð en [r]áðherrann [gæti] ekki gert neitt annað heldur en það sem þingið [hefði] ákveðið með lögum og væri sú lagastoð ekki fyrir hendi hér.*

24. Stefndi greinir frá því að eftir að eftirlitsskýrsla MAST lá fyrir hafi engin samskipti átt sér stað milli stefnda og MAST og hafi hann haldið áfram að undirbúa næstu hvalvertíð sem hefjast átti 21. júní 2023. Þann 19. júní 2023 kveðst stefndi fyrst hafa orðið þess var og þá úr fjölmiðlum að fagráð um velferð dýra hefði yfirfarið eftirlitsskýrslu MAST og komist að þeirri niðurstöðu að *við veiðar á stórhvelum [væri] ekki hægt að uppfylla þau skilyrði sem nauðsynleg [væru] til að tryggja velferð dýra við aflífun. Þann 20. júní 2023 kl. 11:25, eða degi áður en fyrirhuguð hvalvertíð átti að hefjast, að sögn stefnda að afloknum miklum og flóknum, þ. á m. kostnaðarfrekum, undirbúningi eðli málsins samkvæmt hafi stefndi fengið tölvuskeyti frá matvælaráðuneytinu þess efnis að fyrirhugað væri að takmarka veiðitíma langreyða á árinu 2023 en með skeytinu var sent álit fagráðs um velferð dýra frá 16. júní, sem birst hafði í fjölmiðlum 19. júní. Síðar sama dag hafi svo borist tilkynning um setningu reglugerðar nr. 642/2023. Samkvæmt 1. gr. reglugerðarinnar skyldu veiðar á árinu 2023 á langreyðum ekki hefjast fyrr en 1. september.*

25. Eftir að hinu tímabundna banni lauk, og í kjölfar setningar sérstakrar reglugerðar um veiðar á langreyðum nr. 895/2023, hóf stefndi veiðar í september 2023 og stóðu veiðar fram í lok þess mánaðar, eða svo lengi sem veðurskilyrði buðu, en þegar líði á haust, upp úr mánaðamótum september/október, kveður stefndi skilyrði til hvalveiða jafnan óhagfelld, ekki síst vegna birtuskilyrða og sjólags.

III. Málsástæður og lagarök stefnanda

Almennt um kröfu stefnanda

26. Kröfu sína byggir stefnandi á þrjúþættum grunni. Í fyrsta lagi að ráðningarsamband aðila hafi verið tímabundið og óuppsegjanlegt og því beri stefnda að greiða stefnanda laun vegna hvalveiðiveiðitímabilsins 2023 í samræmi við réttar efndir samningsins. Í öðru lagi er á því byggt að breytingar á ráðningarsamningi stefnanda hafi ekki tekið gildi samkvæmt lögum nr. 63/2000 um hópuppsagnir og stefnda beri að leiðrétta laun stefnanda til samræmis við umsamin kjör stefnanda. Í þriðja lagi er byggt á því að stefnandi eigi rétt á bótum sem nemi þriggja mánaða launum á grundvelli ákvæða sjómannalaga nr. 35/1985.

27. Stefnandi byggir á því að ágreiningslaust megi vera milli aðila að munnlegur ráðningarsamningur hafi stofnast milli stefnanda og stefnda um starf skipstjóra á hvalveiðiskipinu Hval 8 á hvalveiðivertíðinni 2023. Í því samhengi vísar stefnandi til þess að samningar eru almennt ekki formbundnir í íslenskum rétti og séu jafngildir hvort sem þeir eru munnlegir, skriflegir eða verði til með einhverjum öðrum hætti. Þetta eigi einnig við um ráðningarsamninga. Stefnandi telur að allt hátterni aðila sýni, svo ekki verði um villst, að báðir hafi litið svo á að bindandi samningur væri um að stefnandi myndi gegna starfi skipstjóra á vertíðinni 2023.

28. Stefnandi vísar til þess að bæði stefndi og stefnandi hafi gert ráð fyrir að ráðningarsamningur yrði færður í letur á einhverjum tímamarki yfir vertíðina í samræmi við venju. Stefnandi áréttar að á stefnda hvíli skylda samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 um að gera skriflegan samning við stefnanda. Það að skriflegur samningur hafi ekki verið undirritaður breyti þó engu um að til ráðningarsambands hafi stofnast milli aðila.

Krafa um réttar efndir

29. Stefnandi byggir í fyrsta lagi á því að ráðningarsamningur hans hafi verið tímabundinn og átt að gilda yfir hvalveiðivertíðina 2023, þ.e. frá 21. júní til 30. september 2023. Samkvæmt a-lið 3. gr. laga nr. 139/2003, um tímabundna ráðningu starfsmanna, teljist starfsmaður ráðinn tímabundið þegar lok ráðningarsamnings ákvarðast af hlutlægum ástæðum, t.d. tiltekinni dagsetningu, lokum afmarkaðs verkefnis eða tilteknum aðstæðum. Óumdeilt sé að ráðning stefnanda hafi ekki átt að standa lengur en til loka vertíðarinnar og hafi hún þannig verið tímabundin í skilningi framangreinds ákvæðis.

30. Ekki hafi verið á færi stefnda að breyta einhliða ráðningarkjörum stefnanda fyrirvaralaust eftir að ákvörðun matvælaráðherra lá fyrir. Samkvæmt meginreglum vinnuréttarins sé slík einhliða breyting á ráðningarkjörum jafngild uppsögn ráðningarsamnings og um leið tilboð um nýjan ráðningarsamning.

31. Þá séu aðstæður að öðru leyti ekki með þeim hætti að þær gætu hafa leyst stefnda undan efnaskyldu sinni samkvæmt samningi aðila. Stefndi geti þannig til að mynda ekki vísað til reglunnar um brostnar forsendur, enda verður henni einfaldlega ekki beitt ef hún leiðir til óréttlátrar réttarskerðingar líkt og hér um ræði. Þá sé hér einnig vísað til meginreglunnar um skuldbindingargildi samninga.

32. Stefnda hafi því verið óheimilt að breyta ráðningarkjörum stefnanda einhliða þann 21. júní 2023 og hafi verið bundinn af þeim samningi sem komst á og bar að efna skyldur sínar samkvæmt aðalefni hans.

Réttur stefnanda til leiðréttingar launa

33. Verði ekki fallist á framangreint byggir stefnandi í öðru lagi á því að umræddar breytingar á ráðningarsamningi stefnanda hafi ekki tekið gildi lögum samkvæmt og stefnda beri að leiðrétta laun stefnanda til samræmis við ráðningarsamninginn. Aðgerðir stefnda í júnílok 2023 hafi ekki uppfyllt skilyrði laga nr. 63/2000 til að teljast hópuppsagnir. Lögin taki til hópuppsagna af ástæðum sem ekki tengjast hverjum einstökum starfsmanni þegar fjöldi starfsmanna sem sagt er upp á 30 daga tímabili er m.a. að minnsta kosti 30 starfsmenn í fyrirtækjum sem venjulega hafi 300 starfsmenn eða fleiri í vinnu. Með aðgerðum sínum hafi stefndi sagt upp tæplega 200 starfsmönnum. Það sé því ljóst að lögin taki til aðgerða stefnda.

34. Litið hafi verið svo á að einhliða breytingar vinnuveitanda á ráðningarkjörum starfsmanna geti fallið undir gildissvið laganna sem uppsögn, enda séu breytingarnar verulegar og varði meginþætti ráðningarsambandsins. Byggir stefnandi á því að þær breytingar sem gerðar voru á ráðningarkjörum hans uppfylli hvort tveggja og falli því undir lögin.

35. Lögin mæla fyrir um þá málsmeðferð sem vinnuveitanda beri að fylgja í aðdraganda hópuppsagnar. Samkvæmt 5. gr. laganna beri atvinnurekanda sem hefur í hyggju að segja upp hópi starfsmanna að hafa samráð við trúnaðarmann stéttarféлага eða annan starfsmann sem valinn hefur verið sé trúnaðarmanni ekki til að dreifa. Að loknu samráði ber samkvæmt 7. gr. laganna að senda tilkynningu til Vinnuálastofnunar um fyrirhugaðar uppsagnir, en samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laganna tekur hópuppsögn fyrst gildi 30 dögum eftir að tilkynning samkvæmt 7. gr. laganna

hefur borist Vinnuálagastofnun. Slík tilkynning hafi ekki borist og því telji stefnandi að framangreindar breytingar á ráðningarkjörum hans hafi ekki tekið gildi að lögum, sbr. 1. mgr. 8. gr. hópuppsagnalaganna. Því beri stefnanda full laun frá stefnda í samræmi við munnlegan ráðningarsamning aðila.

Þriggja mánaða uppsagnarfrestur samkvæmt ákvæðum sjómanna laga

36. Stefnandi byggir í þriðja lagi á því að hann eigi rétt á bótum sem nema þriggja mánaða launum frá 21. júní 2023, sbr. 3. mgr. 45. gr. sjómanna laga nr. 35/1985. Vísar stefnandi til þess sem fyrir segir að einhliða og fyrirvaralaus breyting stefnda á ráðningarkjörum stefnanda hafi, í samræmi við meginreglu vinnuréttar, jafngilt fyrirvaralausri uppsögn ráðningarsambandsins. Samkvæmt 1. mgr. 45. gr. sjómanna laga geti útgerðarmaður vikið skipstjóra úr stöðu hans hvenær sem er, en sé skipstjóra vikið úr skiprúmi áður en ráðningartími hans er úti og án þess að heimild sé til þess samkvæmt 47. gr. laga eigi hann rétt á þriggja mánaða kaupi, sbr. 2. og 3. mgr. 45. gr. sjómanna laga. Stefnandi byggir á framangreindri 2. og 3. mgr. 45. gr. sjómanna laga, enda hafi einhliða breyting á ráðningarkjörum hans jafngilt því að honum hafi verið vikið úr skiprúmi áður en ráðningartími hans var liðinn og án þess að heimild væri til þess í 47. gr. laga. Hann eigi því rétt á bótum sem nemi þriggja mánaða launum á grundvelli ákvæða sjómanna laga.

Útreikningur á fjárkröfu stefnanda

37. Stefnandi byggir á því að löng og fastmótuð venja hafi myndast um tímabil ráðninga á hvalvertíð, þar sem vertíð hafi um langt skeið hafist á svipuðum tíma í upphafi sumars og staðið yfir til hausts, eða um og yfir þrjá mánuði. Starfsmenn hafi þannig verið ráðnir til starfa á vertíð, án þess að miðað hafi verið alfarið við upphaf og lok veiða sem slíkra. Þessi venja eigi sér líka styrka stöð í meginreglum vinnuréttar og samningaréttar, þar sem vissa og afmörkun á tímalengd ráðningarsambands sé grundvallaratriði hvað varðar skuldbindingu og réttindi aðila. Væri ekki fyrir þessa venju hefði vinnuveitandi einhliða ákvörðunarvald um ráðningartímabilið án alls fyrirsjáanleika fyrir starfsmenn.

38. Varðandi útreikning á fjárkröfu stefnanda, m.t.t. málsástæðna hans, er vísað til þess að stefnandi hafi verið ráðinn á hvalveiðivertíð árið 2023 og í samræmi við framangreinda venju hafi legið fyrir að vertíðin myndi hefjast í upphafi sumars 2023 og vara fram á haust. Síðar hafi því verið slegið föstu að vertíðin skyldi hefjast 21. júní 2023. Telur stefnandi þannig rétt að miða við að upphafsdagur ráðningar hafi verið þann dag. Við afmörkun kröfu stefnanda telur stefnandi rétt að miða við að hið tímabundna ráðningarsamband hafi átt að vara í um og yfir þrjá mánuði frá 21. júní 2023. Þar sem raunin hafi orðið sú að vertíðarlok urðu 30. september 2023 sé krafa gerð til þess dags.

39. Fjárhæð kröfu stefnanda byggir á vangreiddum launum stefnanda á tímabilinu 21. júní 2023 til 30. september 2023, að frádregnum launum sem stefnandi fékk fyrir vinnu sína, annars vegar á lakari kjörum á tímabilinu 21. júní til 3. september 2023 og hins vegar á umsömdum kjörum, eftir að veiðar hófust á ný, frá 4. september til 30. september 2023. Sjá um það ráðningarsamning, frá 1. september 2023. Við fjárhæð launa er miðað við umsamin föst laun skipstjóra á vertíð að fjárhæð 8.267.556 kr. fyrir 30 daga að viðbættu 13,4% orlofi. Skipstjóri á vertíð sé á launum á meðan hann er við störf, hvort sem er á veiðum eða í landi, svo sem vegna brælu eða bilana, enda hvíli á honum vinnuskylda samkvæmt ráðningarsamningi.

Krafan sundurliðist með eftirfarandi hætti:

Greiðslur	21.06.–30.06.	01.07.–31.07.	01.08.–31.08.	01.09.– 30.09.
Vertíðarkaup	2.758.580	8.543.135	8.543.135	8.267.550
Orlof (13,04%)	359.719	1.114.025	1.114.025	1.078.089
Samtals				31.778.258

40. Samtals hefði stefnandi þannig átt að fá greiddar 31.778.258 kr. fyrir alla hvalvertíðina. Til frádráttar kröfunni koma þau laun er stefnandi fékk greidd frá stefnda á tímabilinu 21. júní 2023 til 4. október 2023, samtals að fjárhæð 12.421.226 kr. Samtals gerir stefnandi því kröfu um greiðslu 19.357.031 kr. auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 2. september 2025 til greiðsludags.

41. Útreikningur m.t.t. málsástæðna í lið 36 hér að framan, þ.e. bætur sem nema þriggja mánaða launum frá 21. júní 2023, er svofelldur en við hann er byggt á umsömdum launum stefnanda fyrir tímabilið 21. júní til 21. september 2023, að viðbættu 13,4% orlofi:

Greiðslur	21.06.–30.06.	01.07.–31.07.	01.08.–31.08.	01.09.–21.09.
Vertíðarkaup	2.758.580	8.543.135	8.543.135	5.787.285
Orlof (13,04%)	359.719	1.114.025	1.114.025	754.662
Samtals				28.541.947

42. Til frádráttar kröfunni koma þau laun er stefnandi fékk greidd frá stefnda á þessu sama tímabili, 21. júlí til 21. september 2023, samtals að fjárhæð 8.660.616 kr.

43. Samkvæmt því væri ýrasta krafa stefnanda 19.881.331 kr. Aftur á móti hefur komið fram að fjárkrafa stefnanda, miðað við réttar efndir samningsins og að teknu tilliti til frádráttar greiddra launa, er 19.357.031 kr. Stefnandi telur rétt að taka tillit til þessa og gerir ekki ýtrustu kröfu hvað

Þetta varðar, heldur afmarkar stefnandi fjárkröfu sína við 19.357.031 kr. auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 2. september 2025 til greiðsludags.

IV. Málsástæður og lagarök stefnda

44. Stefndi telur sakarefni málsins hverfast um hvort stefnandi eigi rétt á fullum vertíðarlaunum, líkt og hann byggi á.

45. Stefndi mótmælir öllum málsástæðum stefnanda, þ. á m. varðandi túlkun laga og reglna. Ekki er hins vegar gerður ágreiningur um tölulega útreikninga dómkrafna, samkvæmt þeim forsendum sem þeir byggja á. Þá er ekki gerður ágreiningur um upphafstíma dráttarvaxta. Jafnframt liggur fyrir að stefnandi, þ. á m. fyrir tilstuðlan síns stéttarfélags, hefur haldið meintum rétti til haga.

Enginn samningur hafi komist á

46. Stefndi byggir á því að ekki hafi komist á skuldbindandi ráðningarsamningur milli málsaðila. Svo sem stefnandi vísi réttilega til, og sé ágreiningslaust, hafi stefnandi verið í föstu ráðningarsambandi hjá stefnda frá 1. maí 2022, en ekki sé til skriflegur samningur. Á hvalvertíð 2022 hafi síðan verið gerður sérstakur ráðningarsamningur sem *gildir frá því að skip það er viðkomandi er lögskráður á heldur til hvalveiða og til loka hvalvertíðar 2022*, sbr. framlagða launaseðla. Það sé rangt þegar því er haldið fram í stefnu að samningssambandið hafi ekki miðast við þetta tímabil, þ. á m. í gegnum tíðina. Stefnandi hafi því fengið greitt því til samræmis hvalvertíðina 2022, þ.e. tímabilið frá því að skipið hélt til veiða og til loka vertíðar, en við lok vertíðar hafi hann áfram tekið laun samkvæmt ráðningarsambandi því sem stofnað hafi verið til 1. maí sama ár. Á fyrirhugaðri hvalvertíð 2023 hafi hins vegar ekki verið kominn á samningur milli stefnanda og stefnda um ráðningu, hvorki munnlegur né skriflegur, og er öðru mótmælt sem röngu og ósönnuðu. Hvorki árið 2023, né á fyrri vertíðum, hafi stofnun ráðningarsambanda verið með þeim hætti sem stefnandi virðist telja, sbr. m.a. meintar venjur sem séu rangar og ósannaðar.

47. Það hafi verið forsenda og skilyrði fyrir stofnun, þ. á m. gildistöku, sérstaks ráðningarsambands vegna hvalveiða, líkt og alltaf, að af þeim yrði, enda stofnun hins sérstaka ráðningarsambands órjúfanlega tengd því. Hvað sem öðru líður hefði slíkur samningur, í samræmi við forsendukenningu samningaréttar og fyrri samninga og venjur, *gilt frá því að skip það er viðkomandi er lögskráður á heldur til hvalveiða og til loka hvalvertíðar 2023*, sbr. einnig orðalag þessu til samræmis í ráðningarsamningi 1. september 2023 þegar hvalveiðar hófust og samningsform vegna fyrirhugaðrar hvalvertíðar 2023; með öðrum orðum samningssambandið taki ekki gildi fyrr en skipið haldi til veiða, stofnun ráðningarsambands miðist við tímabil frá því hvalveiðar

hefjast og þar til þeim lýkur, sem m.a. geti verið háð ytri aðstæðum og gildistíma opinberra leyfa til veiða og vinnslu.

48. Þess beri sérstaklega að geta að skip stefnda hafi ennþá verið í Reykjavíkurhöfn og ekki fullbúið til hvalveiða þegar ráðherra tilkynnti ákvörðun sína og hélt ekki til sjós, ólíkt því sem ráða megi af stefnu. Sé ekki annað að sjá en að stefnandi sjálfur líti svo á að meintur ráðningarsamningur sem hafi stofnast hafi verið sama efnis og áður, og öðru ekki borið við, en stefnandi geti ekki bæði haldið og sleppt í þessu tilliti.

Hafi samningur komist á

49. Verði, þvert á framangreint, litið svo á að stofnast hafi til ráðningarsambands, telur stefndi kröfur stefnanda ekki eiga sér lagalegan grundvöll.

50. Stefndi vísar til þess að samkvæmt 3. gr. laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla falli niður atvinna hjá atvinnurekanda, svo sem vegna þess að hráefni er ekki fyrir hendi hjá fiskiðjuveri, upp- og útskipunarvinna er ekki fyrir hendi hjá skipaafgreiðslu, fyrirtæki verður fyrir ófyrirsjáanlegu áfalli, svo sem vegna bruna eða skiptapa, og verður atvinnurekanda þá eigi gert að greiða bætur til launþega sinna, þó að vinna þeirra nemi eigi 130 klukkustundum á mánuði, enda missa launþegar þá eigi uppsagnarrétt sinn meðan slíkt ástand varir. Stefndi byggir á því að skilyrði ákvæðisins séu uppfyllt að virtum atvikum máls, þ. á m. þeirri staðreynd að af setningu reglugerðarinnar hafi leitt að tímabundið bann var sett við veiðum stefnda, fyrirvaralaust með tilheyrandi aflabresti og um leið tekjufalli, líkt og endurspeglar nánar í framlögðum útreikningum Deloitte ehf. um tekjufall stefnda vegna þessa á hvalvertíð 2023. Svo sem minnisblað Deloitte ehf. beri með sér, og leiðir af sjálfu, þá leiddi af banninu að veiddar langreyðar, og um leið fénýting þeirra, voru til muna færri en ella hefði verið (24 í stað að jafnaði um 150), auk þess sem á sama tíma og tekju-samdráttur varð hjá stefnda vegna bannsins hafi stefndi þurft að bera tiltekinn rekstrarkostnað, þ. á m. fastan, svo sem vegna reksturs hvalveiðiskipa og starfsstöðva í Hvalfirði og Hafnarfirði, án þess að tekjur kæmu á móti.

51. Samkvæmt minnisblaðinu sé tjón stefnda vegna tímabundna bannsins metið um 1.039 m.kr., en til viðbótar komi um 1 ma.kr. yrði fallist á að stefnda bæri að greiða full vertíðarlaun öllum þeim sem voru í sömu eða svipaðri stöðu og stefnandi. Stefndi bendir jafnframt sérstaklega á að bannið hafi verið ófyrirséð en þess utan séu ófyrirséð ytri atvik ekki skilyrði fyrir beitingu ákvæðisins. Vísist jafnframt til umfjöllunar í næstu málsgreinum að breyttu breytanda.

52. Stefndi byggir jafnframt á því að framangreint ákvæði eigi við samkvæmt lögjöfnun, falli stefnandi ekki undir það, enda skilyrði lögjöfnunar um efnislegan sambærileika og hallkvæmni og haganleika reglu sem fundin sé með lögjöfnun fullnægt. Yrðu atvik máls ekki talin falla undir ákvæðið byggir stefndi jafnframt á því að skilyrði lögjöfnunar séu uppfyllt hvað þau varðar.

53. Stefndi vísar jafnframt til þess að fyrir hendi hafi verið óviðráðanleg ytri atvik (force majeure). Efnislegt inntak reglunnar um force majeure sé að ófyrirséð, óviðráðanleg ytri atvik sem séu sérstök í eðli sínu og valdi því að ómögulegt, eða því sem næst, sé að efna samnings-skuldbindingu eigi að hafa áhrif á efnaskyldu eða það hvort eða hvaða vanefndaúrræðum megi beita. Stefndi byggir á því að skilyrði reglunnar teljist uppfyllt. Setning stjórnvaldsfyrirmællanna hafi verið ófyrirséð og raskaði forsendum samningssambandsins, enda leiddi af ákvörðun ráðherra tímabundið bann við veiðum með tilheyrandi aflabresti og um leið tekjufalli, sbr. umfjöllun í næstu málsgreinum á undan, að breyttu breytanda. Með sömu rökum telur stefndi ljóst að skilyrðum ólögfestrar meginreglu samningaréttar um brostnar forsendur sé fullnægt. Þá leiði 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga með sömu rökum til sömu niðurstöðu, enda ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera meintan ráðningarsamning fyrir sig að virtum atvikum sem síðar komu til í skilningi ákvæðisins, þ.e. ákvörðun ráðherra í formi stjórnvaldsfyrirmæla um tímabundið bann við veiðum með þeim afleiðingum sem af því leiddi. Efni meints ráðningarsamnings sé um leið ósanngjarnt eigi hann að halda gildi sínu, eins og ekkert hafi í skorist.

54. Stefndi byggir jafnframt á því að það hafi verið forsenda ráðningarsamnings, hafi hann komist á, og þar með hluti hans, að réttur stefnanda til fullra vertíðarlauna væri háður því að hvalveiðar færu fram.

55. Jafnframt er sérstaklega bent á hvað sem öðru líður, að hafi stofnast til sérstaks ráðningarsamnings um starf stefnanda sem skipstjóra, líkt og stefnandi byggir á, hafi hann verið bundinn því skilyrði og háður þeirri forsendu/fyrirvara, sem stefnanda gat ekki dulist, sbr. einnig fyrri samninga og venju, að til hvalveiða kæmi og að samningurinn myndi falla sjálfkrafa úr gildi/renna sitt skeið *tækju stjórnvöld ákvörðun um að stöðva hvalveiðar*, líkt og tilgreint hafi verið í öllum eldri ráðningarsamningum stefnanda og stefnda vegna hvalvertíða frá 2009 og líkt og tilgreint hafi verið í samningnum vegna septembervertíðar og í samningsformi vegna fyrirhugaðrar hvalvertíðar 2023, sbr. framlögð gögn; ekki verði bæði haldið og sleppt. Með sömu rökum, hafi stofnast til sérstaks ráðningarsamnings, hafi hann verið bundinn því skilyrði og háður þeirri forsendu/fyrirvara og venju, sem stefnanda hafi ekki getað dulist, að launagreiðslur myndu falla niður um leið og vertíð hætti og veiðar hættu, eða ekki byrja, en í ráðningarsamningum hafi verið

tilgreint, þ. á m. vegna septembervertíðar 2023, að laun yrðu greidd fyrir tiltekinn lágmarksfjölda daga en með þeim fyrirvara að yrðu breytingar á ákvörðun stjórnvalda um leyfi til hvalveiða yrðu laun eingöngu greidd til loka vertíðar, þ.e. launagreiðslur skyldu falla niður um leið og veiðar hættu (eða byrjuðu ekki). Þegar af þessum ástæðum beri einnig að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

56. Vegna tilvísunar stefnanda til laga nr. 63/2000 bendir stefndi á að ástæða þess að fyrirmælum laga nr. 63/2000 um hópuppsagnir hafi ekki verið fylgt út í hörgul hafi eðli málsins samkvæmt verið sú að stefndi taldi að ekki hefði stofnast til sérstaks ráðningarsambands yfir höfuð. Þá hafi aðstæður verið fordæmalausar og stefndi hafi þurft eðli máls samkvæmt að bregðast hratt við til að takmarka tjón sitt eftir föngum og verði ekki séð að lögin nái til eða séu hugsuð fyrir aðstæður sem þessar. Telur stefndi þegar litið er á aðstæður í heild og þá óvissu sem hafi ríkt á þeim tíma að uppsagnir stefnda, yrði litið svo á að stefnanda hafi verið sagt upp í forni einhliða breytinga á ráðningarkjörum, hafi verið lögmætar. Áréttað sé hins vegar að stefnanda hafi ekki verið sagt upp enda hafi enginn samningur komist á.

57. Tilvísun stefnanda til 45. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 sé haldlaus, enda, svo það sé ítrekað, hafi enginn endir verið bundinn á ráðningu stefnanda heldur hafi hið sérstaka ráðningarsamband að réttu lagi ekki hafist fyrr en 4. september 2023 þegar Hvalur 8, skipið sem stefnandi hafi verið lögskráður á, hélt til veiða. Fram að þeim tíma hafi gilt hið hefðbundna ráðningarsamband stefnanda við stefnda, þ.e. fastráðningin, og hann fengið greitt fyrir hana samkvæmt kaupskrá SFS og Félags skipstjórnarmanna samkvæmt kjarasamningi, frá 9. febrúar 2023.

58. Í öllu falli, þ. á m. verði ekki fallist á framangreindar mótbárur til stuðnings sýknu, heldur talið að ráðningarsamningur hafi verið kominn á og að *einhliða og fyrirvaralaus breyting stefnda á ráðningarkjörum stefnanda hafi ... jafngilt fyrirvaralausri uppsögn ráðningarsambands, sem baki stefnda greiðsluskyldu*, telur stefndi að stefnandi eigi rétt á vertíðarlaunum sem svari að hámarki 70 dögum, á tímabilinu júní til október, til samræmis við orðalag eldri ráðningarsamninga, sbr. forsendur og venjur, hvar gert hafi verið ráð fyrir að *laun séu greidd fyrir lágmark 70 daga*, sbr. að framan. Að þessu leyti gangi dómkrafa stefnanda um leið of langt.

59. Þá sé hafnað þeirri viðbáru stefnanda að stofnast hafi til tímabundins ráðningarsambands sem hafi verið óuppsejjanlegt, enda heimili lög uppsögn, sbr. 9. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, en að því sögðu áréttar stefndi að engum samningi hafi verið sagt upp enda hafi enginn samningur komist á og stefnandi hafi fengið greidd skipstjóraun samkvæmt kaupskrá SFS og Félags skipstjórnarmanna samkvæmt kjarasamningi.

V. Niðurstaða

Almennt

60. Eins og rakið er hér að framan byggir starfsemi stefnda, þ.e. veiðar stefnda í gegnum árin, á lögum. Jafnframt liggur fyrir og er ágreiningslaust að þegar stefndi hófst handa við að undirbúa hvalvertíð á vordögum 2023 hafði hann til þess fullgild leyfi, sbr. framlagt leyfi stefnda til veiða á langreyði árin 2019–2023, útgefið 5. júlí 2019, með tilvísun í 1. gr. laga nr. 26/1949 um hvalveiðar með síðari breytingum. Ekkert bendir til þess að teikn hafi þá verið á lofti um að stjórnvöld myndu koma í veg fyrir veiðar það sumarið með ákvörðun sem tekin var degi áður en vertíðin skyldi hefjast og undirbúningi fyrir hana að langmestu leyti lokið. Skýrsla MATÍS um eftirlit með hvalveiðum sem byggðu á reglugerð nr. 917/2022 kom út 8. maí 2023, eða einhverju eftir að undirbúningur stefnda fyrir hvalvertíð hófst, og þrátt fyrir umræður, m.a. á Alþingi, þar sem réttmæti veiðanna var í einhverjum mæli dregið í efa, verður ekki annað ráðið en að ráðherra málaflokksins hafi allt fram til þess að reglugerð nr. 642/2023 um breytingu á reglugerð nr. 163/1973 um hvalveiðar leit dagsins ljós gefið eindregið til kynna að ekki væru forsendur til að stöðva eða takmarka fyrirhugaðar hvalveiðar. Ekki er í máli þessu þörf á að kveða upp úr um lögsmæti þessara aðgerða stjórnvalda og áhrif þeirra á mögulegan bótarétt aðila gagnvart íslenska ríkinu, heldur skiptir þessi aðdragandi málsins máli við mat á því hvort stefndi hafi haft ástæðu fyrirfram til að slá sérstaka varnagla fyrir þessa hvalvertíð frekar en aðrar og hafa jafnvel einhverja fyrirvara á gagnvart því fólki sem til stóð að kæmi til starfa. Dómurinn telur með vísan til framangreindrar umfjöllunar um atvik málsins og framlagðra gagna að ekkert hafi gefið tilefni til slíks og líta verði svo á að stefndi hafi, líkt og þeir launþegar sem væntu þess, sbr. framangreint, að hafa atvinnu og talsverða búbot af hvalvertíð 2023, verið allt til síðasta dags í góðri trú um að af vertíðinni yrði. Því verður að líta svo á að það hafi ekki verið forsenda í öndverðu af hálfu stefnda sem hafi verið viðsemjendum hans kunn, að af hvalvertíð yrði þegar hann hófst handa við að ráða mannskap vorið 2023 í þeim skilningi að hægt væri að líta svo á að samningur hafi í raun aldrei komist á líkt og stefndi byggir á og þegar af þeirri ástæðu yrði að hafna öllum kröfum stefnenda.

61. Að mati dómsins telst ráðningarsamningur á milli atvinnuveitanda og launþega kominn á, í samræmi við meginreglur samninga- og vinnuréttar, þegar tilboð, hvort sem er frá vinnuveitanda eða launþega, um ákveðna og nokkuð skilgreinda atvinnu hefur verið samþykkt af móttakanda tilboðsins en munnlegur samningur er hér jafngildur skriflegum. Getur það eftir atvikum einnig átt við um hvers konar breytingar á ráðningarsamningi a.m.k. þær sem telja má veigamiklar hvort sem þær eiga að vera tímabundnar eða til langframa. Oftar en ekki liggur þetta frumskilyrði ráðningarsamnings fyrir nokkru áður en launþegi mætir til starfa og samningur kemst til framkvæmda og því á, eðli máls samkvæmt, oft eftir að ganga frá ýmsum atriðum varðandi

réttindi og skyldur aðila. Verður að ganga út frá því að þegar slíkum frágangi er ólokið þegar til þess kemur að hefja á störf en ekki getur orðið af því líkt og í framangreindum málum sbr. lið 4 í dómnum, beri að jafnaði að miða við þau réttindi og skyldur sem sannanlega voru í boði þ.m.t. launakjör. Því sé óhjákvæmilegt almennt að t.a.m. uppsagnarfrestur sem launþega hefði verið tryggður ef hann hefði hafið störf verði virtur. Ef aðilar eru ekki sammála um raunveruleg kjör og þeim sem heldur betri rétti fram tekst ekki slík sönnun verður allt að einu að líta svo á að aðilum sé alla jafnan tryggður lágmarksréttur eftir lögum og kjarasamningum þótt ekki komi til þess að atvinna á grundvelli ráðningarsamningsins hefjist. Eðli máls samkvæmt er undir slíkum kringumstæðum oftast um möguleg réttindi launþegans að ræða fremur en vinnuveitanda.

62. Í öllum framangreindum málum hafa stefnendur byggt á því aðallega að stefnda beri að greiða þeim laun er samsvari því að ekkert hafi í skorist; að líta beri svo á að tímabundinn og óuppsegjanlegur samningur hafi stofnast í öllum tilvikum sem feli í sér að stefnda beri að greiða laun að fullu til samræmis við að hvalvertíð hefði allt að einu hafist og henni verið að fullu lokið á þeim u.þ.b. 100 dögum sem yfirleitt sé miðað við. Meginreglan er eðli máls samkvæmt sú að tímabundnum samningi er ætlað að gilda í ákveðinn tíma og þá oftast en ekki bundið við tiltekið og afmarkað verk og/eða tímabil. Hins vegar er ekkert sem girðir fyrir, og einnig í ráðningarsamningum, að þótt um slíkt sé að ræða og endamörk slíks samnings séu ákveðin og fyrirséð, að allt að einu sé samið um heimild, eftir atvikum gagnkvæma, til að segja upp slíkum samningi á tímabilinu. Í öðrum málum sem rekin voru samhliða þessu utan máls nr. E-318/2025, voru slík ákvæði til staðar og því reyndi á þau við úrlausn þeirra mála. Í máli þessu er staðan ólík að þessu leyti þar sem hér reynir á þýðingu þess að telja verður ágreiningslaust að skipstjórum og öðrum skipverjum á hvalskipum stefnda var gert að skrifa undir ráðningarsamning þar sem beinlínis er ákvæði um forsendur þess að til framkvæmdar á þeim samningi kæmi. Í framangreindum málum var talið að launþegar í landi hafi almennt ekki mátt vænta þess að þótt komist hafi á samningur við stefnda um vinnu á hvalvertíð hafi slíkur falið í sér óafturkræfan rétt til að fá laun eins og ef af fallalausri hvalvertíð hefði orðið, þótt aldrei yrði haldið til veiða eins og raunin varð og ekkert vinnuframlag launþegans komið til. Sama á við að mati dómsins í þessu máli þegar af þeirri ástæðu að samningur sem skipverjum bauðst hafði að geyma umrætt forsenduákvæði sem leiddi til þess að sá samningur komst aldrei til framkvæmda.

63. Ekkert bendir til annars en að stefnendur í öllum framangreindum málum hafi þurft að undirgangast sérstaka ráðningarsamninga sem kváðu á um réttindi og skyldur aðila á hvalvertíð og tóku mið af því að af vertíð yrði. Stefnendur hafi því ekki haft réttmæta ástæðu til að vænta annars en að þurfa að undirgangast þau kjör, þ.m.t. réttindi og skyldur, sem gilt höfðu samkvæmt ráðningarsamningum stefnda. Sú niðurstaða er þannig að mati dómsins ótæk að sú staðreynd að

ekki hafi komið til þess að undir umrædda ráðningarsamninga hafi verið ritað vegna þess að vertíð var slegin af áður en til þess kom eigi að leiða til þess að fyrir vikið hafi stefnendur í framangreindum málum eignast ríkari rétt heldur en þeir hefðu öðlast ef af vertíð hefði orðið og undir samninga ritað.

64. Með vísan til framangreindra sjónarmiða verður kröfum stefnanda um laun úr hendi stefnda eins og af vertíð hafi orðið hafnað, líkt og í öðrum framangreindum málum að þessu leyti.

Staða stefnanda – sérstakur fyrirvari stefnda

65. Í þessu máli og máli nr. E-318/2025, sbr. framangreint, horfir svo við að stefnendur voru óháð fyrirhugaðri hvalvertíð í launaðri vinnu hjá stefnda þegar hin óvæntu atvik gerðust í júní 2023 og stefnandi reyndar samtals í áratugi upphaflega frá 1972 og með fastráðningarsamning frá 2022. Fyrir dómi var staðfest sú venjubundna tilhögun undir þeim kringumstæðum að þegar fyrirsjáanlegt hafi verið að haldið skyldi til hvalveiða hafi forsvarsmenn stefnda haft samband við stefnanda og tilkynnt honum um þá ákvörðun, oftast í kringum mars/apríl. Þá er ágreiningslaust að í kjölfarið hafi stefnanda líkt og áður verið ætlað að manna það skip sem honum hafi verið ætlað að stýra á þeirri hvalveiðivertíð sem í vændum var.

66. Því verður slegið föstu, sbr. framangreint og gögn málsins, að stefndi hafi með réttu litið svo á að honum væri tryggð staða skipstjóra á Hval 8 á komandi hvalvertíð 2023, enda hafði hann þegar hafið undirbúning vertíðarinnar, m.a. með því að ráða mannskap á skipið, prófun á skipinu og búnaði þess. Stefnandi kvaðst fyrir dómi hafa vitað nákvæmlega að hverju hann gengi þegar hvalvertíð myndi hefjast. Jafnframt að sú framkvæmd hefði ríkt að sama dag og haldið væri til veiða hefðu áhafnar meðlimir hvalskipa fengið til sín sérstaka ráðningarsamninga til skoðunar og undirritunar. Ágreiningslaust er í málinu að sama form á ráðningarsamningi hafi verið notað í þessu skyni a.m.k. frá árinu 2010. Fyrri ráðningarsamningar við stefnanda undirritaðir af báðum aðilum staðfesta þetta sem og framburður fyrir dómi.

67. Líta verður svo á að vinnuveitandi og launþegi hafi almennt séð frelsi til að semja um kaup og kjör. Í meginreglunni um frelsi til samninga felst að jafnaði frelsi til að ákveða hvort samningur verði gerður, hvenær, við hvern og hvers efnis. Þessari meginreglu eru þó settar skorður af ýmsum toga.

68. Sú grundvallarregla gildir þannig í vinnurétti að ekki verður samið við launþega um lakari kjör en kjarasamningur hans tryggir honum. Sú meginregla var lögfest í 7. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur. Kjarasamningar eru þannig jafnan samningar um lágmarkskjör

og óheimilt er að semja um lakari kjör en þeir tilgreina. Kemur þetta nú skýrt fram í 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks o.fl. sem kveður á um að ráðningarsamningar einstakra launamanna við atvinnurekendur sem kveða á um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar skulu ógildir, sjá og sömu reglu í 24. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986. Að þessu leyti væri réttarstaða stefnanda skýr um að honum bæri a.m.k. lágmarksréttur, sbr. og umfjöllun og úrlausnir í öðrum framangreindum málum vegna sömu atvika.

69. Í máli þessu er hins vegar ágreiningslaust að stefnandi vissi undir hvaða skuldbindingar hann myndi ganga og gekk líkt og stefndi út frá því að undir framangreindan samning yrði ritað og að hann myndi ákvarða réttarstöðu aðila á hvalveiðivertíð ef af henni yrði. Stefnandi gat því ekki vænst þess, og virðist heldur ekki hafa vænst þess miðað við framburð hans fyrir dómi, að fá greidd laun eins og af hvalvertíð hefði orðið. Í samningnum eru einkum tvö atriði sem veita þannig þyngst við úrlausn þessa máls. Annars vegar í 1. mgr. 1. gr. sem fjallar um ráðningarforsendur og ráðningartíma þar sem segir efnislega að skipverji sé ráðinn sem skipstjóri hjá stefnda á annað hvort Hval 8 eða 9 og samningurinn gildi frá því að skip það sem viðkomandi er lögskráður á heldur til hvalveiða og til loka hvalvertíðar það árið. Hins vegar er í 4. mgr. 1. gr. svofellt ákvæði:

Taki stjórnvöld ákvörðun um að stöðva hvalveiðar eða afturkalla veiðileyfi á ráðningartímanum, þá fellur þessi ráðningarsamningur niður frá og með sama tíma.

70. Ekki er hægt að fallast á það með stefnanda að ekki verði horft til þessa ákvæðis. Er það enda svo að stefnandi sjálfur byggir stefnukröfur sínar fyrst og fremst á ákvæðum umrædds samnings, þ.e. hvað í hans hlut hefði komið ef af hvalvertíð hefði orðið. Telji stefnandi sig hafa verið með óafturkræfum hætti ráðinn í máli þessu á hvalvertíð verður að miða við að það hafi þá verið með þeim kjörum sem þar buðust og eftir atvikum fyrirvörum sem þar voru settir, sbr. framangreint, og stefnandi hefur gengist við að hafa þekkt. Undir þeim kringumstæðum er því staðan sú að með ákvörðun ráðherra féll niður sá réttur sem stefnandi hefði ella getað byggt á um efndir samkvæmt þeim ráðningarsamningi sem hann hefur játað að hann hefði þurft, og að því er best verður séð viljað undirgangast ef til hvalvertíðar hefði komið. Krafa stefnanda um laun á hvalvertíð, eða til launa á uppsagnarfresti vegna hennar, verður því ekki byggð á umræddum samningi þegar af þeirri ástæðu að samningurinn komst ekki til framkvæmda vegna stjórnvaldsákvörðunar sem ekkert bendir til að mati dómsins að stefndi hafi getað breytt eða komið í veg fyrir þannig að bakað hafi honum auknar skyldur gagnvart stefnanda. Því getur stefnandi t.a.m. ekki byggt á því sérstaka uppsagnarákvæði sem gildi í samningi hans um lágmarksgreiðslu sem næmi 70 dögum ef vertíð væri hafin, en ekki verður annað séð en að sá 70 daga réttur hefði

einnig fallið niður vegna framangreinds ákvæðis þótt hvalvertíð hefði verið hafin þegar stjórnvaldsákvörðunin var tekin. Ágreiningslaust virðist hins vegar í málinu að greitt hefði verið eftir því ákvæði ef hvalvertíð hefði sannanlega hafist en henni svo hætt, t.a.m. samkvæmt ákvörðun stefnda sjálfs. Til þess kom þó ekki þar sem vertíðin var slegin af það sumarið, áður en hún hófst.

71. Þá verður ekki séð að það fari í bága við framangreindar meginreglur vinnuréttar um tryggð lágmarkskjör þegar til er að dreifa skýru forsenduákvæði eins og því sem hér um ræðir, sem aðilar samnings ganga að sem vísu fyrirfram og þess heldur þegar um er að ræða ráðningu til afmarkaðs tímabundins verkefnis. Hér skiptir jafnframt máli að ágreiningslaust er að stefnanda barst ekki sérstök uppsögn á meintum nýjum ráðningarsamningi og honum bar ekki slík að mati dómsins, enda fastráðningarsamningi stefnanda aldrei sagt upp og hann hélt því áfram fyrri störfum sínum hjá stefnda allt þar til hvalvertíð hófst í byrjun september 2023 þegar hann skrifaði undir sérstakan ráðningarsamning sem var í öllu sambærilegur fyrri samningum, sbr. framangreint, sem gildi þá um réttarsamband aðila allt þar til þeim veiðum lauk en þá tók við að nýju fyrra samningsamband aðila.

72. Af framangreindri tilhögun leiðir jafnframt að ekki verður litið svo á að stefnandi hafi öðlast réttindi samkvæmt sjómannalögum nr. 35/1985 á grundvelli þess samnings sem átti að vera tímabundinn en varð ekki af. Þótt ekki liggi fyrir í málinu fastráðningarsamningur stefnanda við stefnda sem gerður var 2022 liggur þó fyrir og er ágreiningslaust að stefnandi tók og tekur væntanlega enn í dag laun samkvæmt kaupskrá SFS og Félags skipstjórnarmanna samkvæmt kjarasamningi og heldur áfram sínum fyrri störfum hjá stefnda.

Lög nr. 63/2000 um hópuppsagnir

73. Dómurinn fær ekki séð að ágreiningur sé gerður um að stefndi hafi í engu gætt að þeim skilyrðum sem sett eru í framangreindum lögum um það hvernig standa beri að *hópuppsögn* starfsfólks í skilningi laganna. Er það enda í samræmi við grunnmálatilbúnað hans um að ekki hafi stofnast til ráðningarsamninga við þennan fjölda starfsfólks og því engin lagaskylda fyrir hendi um að fylgja því ferli. Lögin voru sett til að innleiða tilskipun nr. 98/59/EB um samræmingu á lögum aðildarríkja Evrópusambandsins um hópuppsagnir, svo sem fram kemur í greinargerð með frumvarpi til laganna. Tilskipunin var tekin upp í viðauka XVIII við EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar 30. apríl 1999. Lögin leystu af hólmi lög nr. 95/1992 um sama efni sem höfðu verið sett til að innleiða eldri tilskipun ráðsins nr. 75/129/EBE um sama efni.

74. Stefnandi byggir á því að uppsagnir stefnda umrætt sinn eigi undir lögum og ganga verður út frá því að hann telji því fullnægt skilyrðum 1. gr. laganna um fjölda uppsagna í hlutfalli við starfsmenn atvinnuveitanda. Ekki er þó gerð grein fyrir því með rökstuddum hætti í stefnu málsins, en af málatalbúnaði aðila má þó draga þá ályktun að um slíkan fjölda hafi verið að ræða.

75. Þrátt fyrir að dómurinn telji sbr. framangreint að samningur hafi verið kominn á milli aðila sem tryggði stefnanda rétt til ákveðinnar vinnu sem var annars eðlis en fólst í fastri vinnu hans hjá stefnda og hefði tryggt honum mun hærri laun en ella, leiðir af samningssambandi aðila sem fyrir var, fyrri samningum þeirra og framangreindum forsendum sem stefnanda voru að fullu ljósar, að til framkvæmdar á samningi aðila kom ekki. Því kom ekki til þess að samningnum hafi verið sagt upp enda féll hann niður þegar áhrif umrædds forsenduákvæðið raungerðust og eftir sem áður naut stefnandi réttinda samkvæmt þeim ráðningarsamningi sem ágreiningslaust er að var í gildi milli aðila og hélt gildi sínu. Þegar af þessari ástæðu telur dómurinn að lög um hópuppsagnir geti ekki breytt réttarstöðu aðila.

76. Almennt séð er heldur ekki hægt að líta svo á að allur sá, reyndar í málinu óskilgreindi, fjöldi starfsmanna sem stóð til að myndu hefja störf hjá stefnda en gerðu það aldrei hafi skapað grundvöll fyrir því að hægt sé að líta svo á að um hafi verið að ræða hópuppsögn í skilningi laga nr. 63/2000. Líta verður svo á að lögnum sé öðru fremur ætlað að standa vörð um þá stöðu þegar hagsmunum talsverðs fjölda starfsmanna í föstu starfi hjá atvinnurekanda er raskað og að þá sé áskilið ákveðið samráðsferli, sbr. 5. gr., til að leita leiða til að forðast hópuppsagnir, fækka starfsmönnum sem fyrir slíkum verða og draga úr afleiðingum með hjálp félagslegra aðgerða. Við þær kringumstæður sem uppi voru í starfsemi stefnda kom að mati dómsins ekki upp sú staða sem framangreindum lögum er ætlað að vernda og tryggja ákveðna málsmeðferð. Áður en starfsmenn stefnda skyldu inna sitt framlag af hendi og hefja störf brast grundvöllur ráðningarsambandsins vegna utanaðkomandi ákvörðunar sem hafði hvorki með stefnda né stefnanda að gera að því leyti að hvorugur gat þar nokkur áhrif haft á, sbr. að vissu leyti sjónarmið sem fjallað er um í dómi Hæstaréttar í máli nr. 196/2001. Dómurinn telur því að stefnandi geti ekki á grundvelli laga um hópuppsagnir öðlast betri rétt heldur en hann mátti eiga von á og gekk að og verður þeirri kröfu hafnað.

Niðurstaða málsins, málskostnaður og annað

77. Með vísan til framangreinds verður því stefndi sýknaður af kröfum stefnanda þegar á þeim grundvelli að sá samningur sem stofnaðist milli aðila veitti honum ekki þann rétt sem hann sannanlega ella hefði áunnið sér og átt lögvarða kröfu til efnda á, vegna þess að forsenda sem stefnanda var kunn við samningsgerðina sem varð í engu rakin til ákvarðana stefnda brast og því

kom ekki til framkvæmdar samningsins. Jafnframt að lög nr. 63/2000 hafi ekki átt við og tryggðu því stefnanda ekki betri rétt. Er því ekki þörf á að fjalla í þessu máli um þær málsástæður stefnda fyrir sýknu sem byggja á lögum nr. 19/1979, sjónarmiðum um force majeure, almennum reglum um brostnar forsendur eða eru byggðar á 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

78. Að virtum málsatvikum og að teknu tilliti til stöðu aðila þykir rétt að málskostnaður milli aðila falli niður samkvæmt 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

79. Daníel Isebarn Ágústsson lögmaður flutti málið fyrir stefnanda og Stefán A. Svensson lögmaður fyrir stefnda.

80. Málið dæmir Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari á Vesturlandi.

D Ó M S O R Ð

Stefndi, Hvalur hf., er sýkn af kröfum stefnanda, Njáls Gíslasonar.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.

Lárentsínus Kristjánsson